

127. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
6. 10. 2021 kl. 8:30 – 10:00

Fjarfundur settur kl. 8:30

Fundarstjóri: Steinunn Hödd Harðardóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Þórgunnur Torfadóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Vilhjálmur Magnússon, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson, Kristín Hermannsdóttir, Ingunn Jónsdóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir og Hugrún Harpa Reynisdóttir.

Fjarverandi: Þorkell Óskar Vignisson og Bjarni Guðmundsson.

- **Erindi frá Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu**
Eyjólfur sagði frá helstu verkefnum skólans um þessar mundir. Mikil aðsókn var í fjallamennsku námið og um 70 nemendur í allt stunda nú námið við FAS. Einnig var talsverð aðsókn í nám í hestamennsku sem skólinn er að þróa. Þá er unnið að þróun afreksípróttanáms við skólann í samstarfi við Ungmennafélagið Sindra. Skólinn vinnur að umhverfismálum sem áður og verða Græn skref innleidd í starf skólans nú fyrir áramót.
- **Staða og líðan ungra karlmannna í landsbyggðar samfélagi**
Anna Guðrún Edvardsdóttir kom inná fundinn undir þessum lið. Sagði hún frá helstu niðurstöðum rannsóknarverkefnisins. Verkefnið var unnið í samstarfi við Nýheima þekkingarsetur sem hlaut styrk í það frá Atvinnu- og rannsóknasjóði Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Jafnframt hlaut styrkur til verkefnisins úr Nýsköpunarsjóði námsmanna, var hann nýttur til þess að framkvæma spurningakönnun verkefnisins. Umræður sköpuðust um helstu niðurstöður og fagnar stjórn framkvæmd verkefnisins og leggur áherslu á mikilvægi þess að nýta þessar niðurstöður. Einnig kom fram ábending um að kynna niðurstöður fyrir starfsfólki skólanna á svæðinu.
- **Samráðsfundur með mennta- og menningarmálaráðuneytinu**
Hugrún Harpa og Steinunn Hödd sögðu frá samráðsfundi sínum með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem haldinn var í lok september. Á fundinum var farið yfir helstu þætti starfseminnar er tengjast verkefnum og rekstri. Líkt og undanfarin ár var rætt um endurnýjun samnings við ráðuneytið en Nýheimar þekkingarsetur hefur eins og önnur setur fengið samning framlengdan með viðaukum til eins árs í senn frá árinu 2017.
- **Samstarfsnet Nýheima**
Hugrún Harpa lagði til að stjórn nýtti næsta fund að hluta til þess að ræða almennt um samstarfsnet Nýheima og helstu tækifæri til aukins samstarfs milli stofnana á svæðinu. Umræður sköpuðust um málið og stjórn var sammála því að gott væri að taka slíkt hugarflug.

- Önnur mál

Kristín Hermannsdóttir minnti á húsfund sem dagsettur var 15. október. Rætt var um fundarefni og ákveðið að óska eftir kynningu frá Vatnajökulsþjóðgarði á innleiðingu á Grænum skrefum í ríkisrekstri.

Hugrún Harpa sagði frá því að verkefnið „Staða og hlutverk þekkingarsetra í byggðapróun“ verður kynnt á Byggðaráðstefnu sem haldin verður á Hótel Kötlu í Mýrdal dagana 26. og 27. október. Þá verður einnig erindi frá Hornafirði sem Eyjólfur Guðmundsson og Þorvarður Árnason munu flytja fyrir hönd menntastofnana á Hornafirði.

Þá verður Hugrún Harpa með erindi á Þjóðarspeglinum sem haldinn verður með rafrænum hætti 29. október. Þar mun hún taka þátt í málstofnunni „Byggðafraeði I: Ungt fólk í dreifðum byggðum“ og segja frá vinnu og verkefnum setursins með ungu fólki.

Hugrún Harpa sagði einnig frá því að Nýheimar þekkingarsetur og Náttúrustofa Suðausturlands hafa ráðið sameiginlega Rannveigu Rögn Leifsdóttur í hlutastarf fram til áramóta.

Hugrún Harpa sagði frá því að nú væri stefnt að því að halda fundi samstarfsaðila í Evrópuverkefnum setursins í persónu og því væri von á talsverðum ferðalögum starfsmanna í tengslum við verkefnið.

Engin önnur mál

Fundi slitið klukkan 10:00

Stemmun Hóla Harðardóttir
Hugrún Harpa Reynisdóttir